



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir skotvöll í Álfnesi.

Nafn leyfishafa: Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

Heimilisfang: Pósthólf 8485

Póstnúmer: 128

Kennitala: 440687-1809

Útgáfudagur leyfis: 13. febrúar 2025

Gildir til: 31. desember 2028

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfnesi og Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 13. febrúar 2025


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

kt. 440687-1809

vegna skotvallar á Álfsnesi

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) móttók 31. júlí 2024 umsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, um starfsleyfi fyrir skotvelli á Álfsnesi, dags. 30. júlí 2024.

Um er að ræða umsókn um nýtt starfsleyfi en fyrra starfsleyfi félagsins var felld úr gildi með úrskurði Úrskuðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þann 30. desember 2022. Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), <https://reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>, þann 1. ágúst 2024.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Í 6. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit kemur fram að deiliskipulag þarf ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar, sbr. VII., IX. og X. viðauka, enda samrýmis starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa um þessa þætti.

Þann 12. ágúst 2024 sendi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur umsagnarbeiðni á embætti skipulagsfulltrúa Reykjavíkur og óskaði umsagnar um samræmi starfseminnar við skipulag. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2024 barst Heilbrigðiseftirlitinu 9. september. Í umsögninni kemur fram að starfsemin sé innan skilgreinds íþróttasvæðis Íþ9 á Álfsnesi, sbr. nýlega staðfesta breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur. Í aðalskipulagsbreytingunni eru sett fram skilyrði og mótvægisáðgerðir sem horfa þarf til við útgáfu starfsleyfis.

„Íþ9. Skotæfingasvæði Álfsnesi. Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu allt að til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisáðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku.
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús.
- 3) Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreytnar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.
- 5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.
- 6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með sítandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.
- 7) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
- 8) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 9) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennt hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin
- 10) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.

11) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar lítið. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma lítið.”

Niðurstaða umsagnar skipulagsfulltrúa er að þar er lagt til að heimilað verði að gefa út starfsleyfi fyrir Skotreyn til loka árs 2028, enda verði í öllu tekið mið af þeim kröfum og ákvæðum sem sett eru fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 m.s.br. Einnig er bent á að helgunarsvæði Sundabrautar liggja um hluta svæðis Skotreynar og horfa þurfi til þess við undirbúning starfsleyfis og setja viðeigandi fyrirvara í ljósi þess að áformað sé að hefja undirbúning framkvæmdar eftir 2026.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis vegna skotvalla á Álfsnesi á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 13. desember 2024 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur til 15. janúar 2025 að teknu tilliti til hátíðisdaga um jól og áramót. Í tillögunni var lagt til að um starfsemina gildi starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis fyrir skotvöll í Álfsnesi og almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. Í tillögunni var lagt til að gildistími starfsleyfisins væri til 31. desember 2028.



4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Alls bárust 4 athugasemdir á auglýsingatíma.

Hér að neðan fer fyrst inngangs texti HER, svo innsendar athugasemdir og svör HER við þeim með skáletri til aðgreiningar.

Að höfðu samráði við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf hvað varðar persónuverndarsjónarmið eru athugasemdirnar birtar með nafni þess sem sendi inn eða skrifuðu undir en önnur persónugreinanleg gögn hafa verið fjarlægð vegna persónuverndarsjónarmiða.

HER hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfis skylda starfsemi sbr. viðauka IV við lög nr. 7/1998 og viðauka X í rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og setja starfseminni ramma í starfsleyfisskilyrðum um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif (mengunarvarnir, umgengni o.fl.) út frá m.a. starfseminni og staðsetningu. Skipulagsyfirvöld móta skipulag og landnotkun í skipulagi sem ákvarðar á hvaða svæðum tiltekin starfsemi er heimil. HER leitar umsagnar skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemi sé í samræmi við skipulag, sbr. ákvæði þar um í 6. gr. rg. nr. 550/2018.

Helstu umhverfisáhrif af starfsemi skotvalla eru hávaði, mengun vegna efna í skotum og höglum og umgengni á svæðunum. Hávaði frá starfseminni hefur í för með sér ónæði fyrir nágretta og útivistarfólk. Það er hlutverk HER að setja starfseminni mörk í starfsleyfi til að lágmarka þessi umhverfisáhrif.

Eins og fram kom í kafla 2 að ofan hefur verið gerð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur sem afmarkar landnotkun íþróttasvæði þar sem skotæfingasvæðin tvö eru á Álfnesi. Er það gert í ljósi niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem starfsleyfi skotæfingasvæðanna voru feld úr gildi þar sem landnotkunin samræmdist ekki skipulagi.

Starfsemi skotvallarins hefur áhrif á ólíka hagsmunahópa. Annars vegar eru það skotveiði- og skotíþróttafólk sem nýtir aðstöðu til að stunda skotæfingar. Hins vegar eru íbúar og eigendur fasteigna við Kollafjörð og á Kjalarnesi og útivistarfólk sem m.a. vill njóta kyrrðar. Hagmunir og sjónarmið þessara hópa eru gjörólíkir. Við gerð starfsleyfisskilyrðanna var tekið tillit til sjónarmiða ólíkra hópa að því leyti sem hægt var án þess að ganga um of á sjónarmið annars hvors hópsins. Þannig er starfsemin enn heimil og þjónar það hagsmunum skotmanna en starfseminni sætir ákveðnum takmörkunum, m.a. í ljósi niðurstaða mælinga á hávaða frá skotsvæðunum og kemur það til móts við sjónarmið íbúa og útivistarfólks. Einnig er starfsemi óheimil tvo daga í viku og sérstaka frídaga og er það til að koma til móts við kröfur um næðisdaga.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Áður hefur komið fram í málum vegna starfsleyfa skotvalla í Álfsnesi að ekki er að finna ákvæði eða viðmið sem eru sértæk fyrir skotvelli í reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Við mælingar sem framkvæmdar hafa verið á hávaða frá starfseminni hefur verið stuðst við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (UST) um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits (Umhverfisstofnun 2011) og mæliaðferðir sem vísað er til þar en í leiðbeiningunum er ekki heldur að finna sértækar leiðbeiningar um mælingar hávaða frá skotvöllum. Ekki voru framkvæmdar sérstakar hávaðamælingar vegna þeirrar umsóknar sem hér er til afgreiðslu þar sem engar þær breytingar hafa orðið á starfseminni eða umhverfi til að ástæða sé að ætla að hafi áhrif á hávaða frá starfseminni eða dreifingu hans. Við val á mælistöðum var höfð hliðsjón af fyrri mælingum HER og mælt á stöðum sem áður hefur verið mælt á til að niðurstöðurnar séu samanburðarhæfar. Helsta áhrifasvæði starfseminnar er á svæði sem skilgreind eru sem landbúnaðarsvæði og opið svæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Ekki er að finna viðmið fyrir hávaða á landbúnaðarsvæðum í reglugerðinni. HER stóð því frammi fyrir því að þurfa að ákveða til hvaða viðmiða skyldi horfa til við túlkun á niðurstöðum mælinga. Það var niðurstaða HER að nota viðmið fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði og þótti það vera millivegur milli þess að nota viðmið fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi á iðnaðarsvæðum, þar sem viðmið eru hærri, eða viðmið fyrir hávaða í frístundabyggð, þar sem viðmið eru lægri, en þau viðmið komu til greina með tilliti til skilgreinar landnotkunar á afnota- og áhrifasvæði starfseminnar.

Niðurstöður mælinga sýna að hávaði fer yfir viðmiðunarmörk fyrir íbúðar hús á íbúðarsvæði eftir kl. 19. Í ljósi þess að viðmiðin eiga ekki fyllilega við var ákveðið að takmarka starfsemi við kl. 19 að hluta eða tvo vikudaga af fimm sem heimilt er að hafa opið í viku hverri og við kl. 16 á laugardögum.

4.1 Athugasemdir Vegagerðarinnar:

Umsögn

Skotvöllur í Álfsnesi – tillaga að starfsleyfi SKOTREYN

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tillögu HER að starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) fyrir starfsemi skotvallar í Álfsnesi. Lagt er til að gildistími verði til 31. desember 2028.

Vegagerðin gerir athugasemd við að gildistími starfsleyfis miðist við árslok 2028 enda stendur til að hefja framkvæmdir við Sundabraut á svæðinu fyrir þann tíma.

Vegagerðin bendir á að engar rannsóknir á blýmengun eru fyrirhugaðar á svæðinu við mat á áhrifum Sundabrautar á vatnshlot.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Vegagerðin ítrekar fyrri umsagnir um málið á skipulagsstigi dags. 16. október 2023 og 4. apríl 2024. Umsagnirnar fylgja í viðauka.

Gildistími starfsleyfis

Framkvæmdir við Sundabraut

Skv. Stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins 2024 skal hefjast handa við framkvæmd Sundabrautar á yfirstandandi kjörtímabili. Því er ljós að framkvæmdir við Sundabraut hefjast fyrir árslok 2028. Í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir upphafi framkvæmda á árinu 2026. Með hliðsjón af stöðu undirbúnings má telja líklegt að framkvæmdir við Sundabraut hefjist eigi síðar en árið 2027.

Til stendur að vinna nokkuð jafnhliða í öllu vegstæði Sundabrautar, frá Sæbraut að Kjalarnesi, á fyrirhuguðum fimm ára framkvæmdatíma. Þar sem veglína Sundabrautar og vegamót á Álfsnesi liggja ofan í skotvelli SKOTREYN á Álfsnesi (sjá mynd) er ljóst að skotvöllurinn getur ekki verið í rekstri á framkvæmdatímanum.

Vegagerðin fer fram á að starfsleyfi fyrir skotvöll SKOTREYN á Álfsnesi takmarkist við árslok 2026 með möguleika á framlengingu ef breytingar verða á áformum ríkisstjórnar, Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar um Sundabraut.



Mynd 1. Framkvæmdir við Sundabraut og fyrirhuguð vegamót munu ónýta skotvöll SKOTREYNar á Álfsnesi.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Áhrif á vatnshlot

Rannsóknir á blýmengun

Á bls. 14-15 í samþykktri aðalskipulagsbreytingu er fjallað um aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum skotæfingasvæðis. Undir lið 7 kemur fram að mikilvægt sé að meta og gera grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatnshlot og að skoða mætti þann möguleika að huga að frekari könnun á ástandi viðkomandi vatnshlota og rannsóknum á mögulegum áhrifum blýmengunar á vistkerfi, lífríki og fuglalíf í nágrenni skotsvæðanna, í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut. SKOTVÍS og SKOTREYN taka undir þessi sjónarmið í erindi sínu til HER, dags. 17. ágúst 2024.

Að gefnu tilefni vill Vegagerðin koma eftirfarandi á framfæri:

Vatnshlot eru einn þeirra umhverfispátta sem eru til skoðunar í umhverfismati vegna Sundabrautar á umræddu svæði. Áhrifamatið snýr að fyrirhuguðum fjarðarþverunum með fyllingum og brúm. Í því samhengi er lagt mat á áhrif Sundabrautar á hafstrauma, öldufar og setflutninga og möguleg afleidd áhrif þessara þátta, svo sem á lífríki. Vegagerðin hefur ekki í hyggju að kanna ástand vatnshlota á umræddu svæði m.t.t. blýmengunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Vegagerðarinnar

Helga Jóna Jónasdóttir
verkefnisstjóri Sundabrautar

Viðaukar

Umsögn Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, dags. 16. október 2023

Umsögn

[Subject]

b.t. Skipulagsstofnunar

Borgartúni 7b, 105 Reykjavík



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Skilað í Skipulagsgátt (mál nr. 716/2023)

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, er varða skotíþróttasvæði á Álfsnesi. Í drögunum er sett fram tillaga að skilgreiningu íþróttasvæðis á Álfsnesi þar sem núverandi skotæfingasvæði eru til staðar. Gert er ráð fyrir að landnotkunin sé tímabundin og heimilt að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu til ársloka 2028.

Vegagerðin gerir athugasemdir við að tímamörk endurnýjunar starfsleyfa miðist við árslok 2028 enda stendur til að hefja framkvæmdir við Sundabraut á árinu 2026.

Sundabraut

Vegagerðin og Reykjavík vinna nú að undirbúningi Sundabrautar frá Sæbraut að Kjalarnesi. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2026 og ljúki árið 2031. Skammur framkvæmdatími gerir það að verkum að unnið verður á öllum hlutum leiðarinnar samtímis og því ljóst að framkvæmdir á Álfsnesi munu standa yfir frá árinu 2026, gangi áætlanir eftir.


Í 5. kafla tillögunnar þar sem fjallað er um umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar er að finna undirkaflann *Áhrif breyttrar landnotkunar á iðnaðarsvæði (I2) og Sundabraut* en þar er enga umfjöllun um Sundabraut að finna.

SKOTREYN

Eins og fram kemur í tillögunni liggur aðstaða Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) í fyrirhuguðu vegstæði Sundabrautar. Ætla má að aðstaðan ónýtist að mestu eða öllu leyti þegar framkvæmdir við Sundabraut hefjast, að líkindum á árinu 2026.

SR

Óvíst er hvaða áhrif framkvæmdir við Sundabraut munu hafa á starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR). Þó er ljóst að núverandi aðkoma að svæðinu ónýtist á einhverjum tímapunkti, til lengri eða skemmri tíma. Verði æfingasvæði SR í notkun á framkvæmdatímanum þarf því að skilgreina hjáleiðir að svæðinu. Eins þarf að tryggja aðkomu að skotsvæðinu til framtíðar verði því ekki fundinn annar staður. Sú tenging yrði að líkindum um fyrirhuguð vegamót Sundabrautar í Álfsnesi.



Myndin sýnir þá valkosti í legu Sundabrautar sem eru til skoðunar á Álfsnesi. Allar leiðir á milli veglínanna á myndinni koma til greina. Rauður punktur táknar staðsetningu fyrirhugaðra vegamóta.

Niðurstaða

Vegagerðin fer fram á að endurnýjun starfsleyfis SKOTREYN á Álfsnesi miðist við árslok 2026 með möguleika á framlengingu verði framkvæmdir við Sundabraut ekki hafnar.

Vegagerðin sér ekkert því til fyrirstöðu að starfsleyfi SR á Álfsnesi verði endurnýjað til ársloka 2028 en tryggja þarf aðkomu að svæðinu á framkvæmdatíma.

Að öllu ofansögðu er ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir við Sundabraut gera það að verkum að flýta þarf vinnu við að finna starfsemi SKOTREYN framtíðarstað í Reykjavík. Sé fyllsta öryggis og veghelgunar gætt sér Vegagerðin enga annmarka á því að skotíþróttavellir verði í nágrenni Sundabrautar.

Virðingarfyllt,

Helga Jóna Jónasdóttir

verkefnisstjóri Sundabrautar hjá Vegagerðinni

Umsögn Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, dags. 4. apríl 2024

Umsögn

Skotæfingasvæði á Álfsnesi



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

b.t. Skipulagsstofnunar
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík
Skilað í Skipulagsgátt (mál nr. 716/2023)

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, er varðar skotíþróttasvæði á Álfnsesi. Í tillögunni er gert ráð fyrir íþróttasvæði á Álfnsesi þar sem núverandi skotæfingasvæði eru til staðar. Gert er ráð fyrir að landnotkunin sé tímabundin og heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu allt að til ársloka 2028.

Vegagerðin ítrekar fyrri umsögn dags. 16. október 2023, sem fylgir auglýstri breytingartillögu.

Vegagerðin áréttar jafnframt mikilvægi þess að starfsemi skotæfingasvæða á Álfnsesi hafi með engum hætti áhrif á fyrirhugaðar framkvæmdir við Sundabraut, hvorki á framkvæmda- né rekstrartíma. Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir við Sundabraut hefjist á árinu 2026 og brautin verði tekin í notkun árið 2031. Verði skotæfingasvæði í rekstri samhliða byggingu Sundabrautar má starfsemi skotsvæðanna með engum hætti ógna öryggi á framkvæmdasvæðinu. Þetta gæti kallað á lokun skotvalla SKOTREYN og takmörkun á starfsemi SR á Álfnsesi frá og með síðari hluta árs 2026.

Vegagerðin áréttar ennfreður að huga þarf að veltengingum við svæðin á framkvæmdatíma þar sem núverandi tengingar ónýttast.

Virðingarfyllt,
Helga Jóna Jónasdóttir
verkefnisstjóri Sundabrautar hjá Vegagerðinni

Svar HER.

Starfsemi skotvallanna í samræmi við skilgreinda landnotkun í aðalskipulagi Reykjavíkur AR2040. Skipulagsvinnu vegna Sundabrautar er ekki lokið en vænta má þess að skilgreind landnotkun vegna veglagningarinnar muni breytast frá núverandi skilgreindri landnotkun. Gangi það eftir verður breyting á forsendum fyrir starfseminni og hún ekki lengur í samræmi við skilgreinda landnotkun. Það gefur tilefni til endurskoðunar eða ógildingar starfsleyfis á þeim tímapunkti. Skipulagysfyrirvöld gæti set ákvæði um gildistíma starfsleyfis SKOTREYNAR í þeirri skipulagsvinnu.

HER bendir á að í lögum nr. 7/1998 er ekki heimild til að framlengja starfsleyfi nema tímabundið í allt að eitt ár þegar sótt er endurnýjun leyfis. HER getur því ekki gefið út starfsleyfi með ákvæði um mögulega framlengingu vegna breyttra forsenda. HER mun fylgja umsögn skipulagsfulltrúa hvað varðar gildistíma en mun setja fyrirvara í gr. 1.2 um möguleg áhrif af framkvæmdum við Sundabraut á gildistíma starfsleyfisins m.a. ef skipulagslegar forsendur breytast.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Varðandi rannsóknir á áhrifum blýmengunar bendir HER á að Vegagerðin þarf að vinna eftir ákvæðum reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og tryggja að mengunarstig á framkvæmdasvæði sé innan viðmiðunarmarka fyrir skilgreinda landnotkun innan svæðisins.

HER bendir ennfremur á að í greinargerð vegna Aðalskipulagsbreytingar, Tímabundið ákvæði um rekstur skotæfingasvæða kemur fram í 4. kafla Stefna og skipulagákvæði til endurskoðunar að í kafla 10 í greinargerð AR2040 verði bætt við lista fyrir skilyrði vegna íþróttasvæðis. Í 11. lið listans kemur fram „...Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.“. Út frá þessum orðum má ætla að verið sé að benda á hagkvæmni þess að vinna rannsóknir saman eða samhliða. Það er mikilvægt að Reykjavíkurborg og Vegagerðin ræði saman um framkvæmd og fyrirkomulag rannsókna og kostnaðarskiptingu til að samlegðaráhrif náist fram. Vert er að benda á að HER er sjálfstæð stjórnsýslueining og kemur ekki fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar í þessu sambandi.

4.2 Athugasemdir Kristbjörns Haraldssonar og Önju Þórdísar Karlsdóttur

Athugasemdir vegna Tillaga að starfsleyfi - Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, skotvöllur í Álfsnesi

Góðan dag.

Við gerum eftirfarandi athugasemdir vegna tillögu að starfsleyfi:

3. Hávaðavarnir

3.3. “Innan 6 mánaða....skal ljúka greiningu á kostum þess til hávaðaminkunar að snúa skotstefnu...” Þessi líður er þvert á móti aðalskipulaginu þar segir á blaðsíða 10, “Í kafla 10. Opin svæði til sérstakra nota, verður eftirfarandi bætt við lista yfir íþróttasvæði (ÍÞ), (bls. 105): ...

5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.

6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með síritandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.

Hér er mjög skýr fyrirmæli í aðalskipulaginu og teljum við að hvorki Heilbrigðiseftirlit né skotfélögin eigi að fá undanþágu frá þessum lið aðalskipulags. Hvað varðar tímaramma hafa nú þegar liðið 4 mánuðir og síðan aðalskipulaginu hefur verið breytt og útgefið 6 mánuðir. Að okkar mati hefði HER í samvinnu við skotsfélagið geta gert mælingar og greinagerð nú þegar og því ekki hægt að okkar mati að veita lengri tímafrest enda stangast það á við ákvæði í aðalskipulaginu. Íbúar og landeigendur eru undir stöðugu ónæði frá skotsvæðunum og HER hefur fengið kvartanir frá okkur síðan skotsvæðin voru opnuð á ný nú síðast í september sem sýna að hávaði frá skotsvæðunum er of mikill! Vitað er að mælingar sem framkvæmdar hafa verið að hálfu HER undanfarin ár sýna ekki allan sannleikann og alls ekki heildamynd hvað varðar hávaða frá starfseminni og því brýn þörf fyrir okkur íbúa og landeigendur að HER fylgir þeim reglum, lögum, ásamt tilmælum Umhverfisstofnunar og einnig ákvæðum í aðalskipulaginu. Landsvæðið hentar ekki fyrir þessa starfsemi vegna halla lands til sjávar og bergmálun við klettabelti Esjunnar og því nauðsýnlegt að fara sem allra fyrst í þessa mælingar. Við getum því engan veginn samþykkt þessa tillögu um starfsleyfi

Svar HER

Í greinargerð SKOTREYN með umsókn um starfsleyfi kemur fram að félagið gerir eftirfarandi tillögur til að koma til móts við lið 5.

- *Takmörkun opnunartíma sbr. umsókn félagsins*
- *Einangra skotskýli á svæðinu með hljóðísogsefni*
- *Snúa skotstefnu á völlum í samvinnu við HER á fyrsta gildisári starfsleyfi að teknu tilliti til hljóðmælinga og annarra þátta m.a. öryggisþátta..*

Þar með voru settar fram þær aðgerðir sem félagið telur raunhæfar og tímasett áætlun um að færa skotstefnu innan eins árs frá gildistöku nýs starfsleyfi. HER felst á að þær aðgerðir sem SKOTREYN tiltekur séu þær sem líklegar eru til að skila árangri, m.a. í ljósi óhagsæðra landfræðilegra aðstæðna og takmarkaðs gildistíma starfsleyfis en telur jafnframt að gera þurfi frekari greiningar á væntanlegum árangri þess að snúa skotstefnunni áður en ráðist verði í framkvæmdir. Einnig leggur HER áherslu á skemmri framkvæmdatíma en SKOTREYN leggur til, þ.e. innan 6 mánaða frá gildistöku starfsleyfi.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Þetta er ávarpað í gr. 3.3. í tillögu að starfsleyfisskilyrðum sbr. athugasemdina. HER leggur til að greiningu og framkvæmd sé lokið innan 6 mánaða frá útgáfu starfsleyfis með það í huga að framkvæmdum við breytingu á skotstefnu ljúki að sumri til þannig að HER geti framkvæmt vöktunarmælingar til að meta hvort aðgerðir hafi skilað væntum árangri. Hljóðmælingar á vetrartíma eru ill framkvæmanlegar vegna aukinna veðuráhrifa og þar sem hávaða frá nagladekkjum er þá ríkjandi umhverfishávaði og erfitt að greina hávaða frá skotsvæðunum við mælingar af þeim sökum stóran hluta ársins.

HER telur að með tillögum SKOTREYN með tímasettri áætlun í greinargerð með umsókn um starfsleyfi sé ákvæði aðalskipulags uppfyllt og að HER hafi krafist frekari greiningar og sett styttri tímafrest en SKOTREYN gerði tillögu um, breyti ekki því að ákvæði AR2040 sé uppfyllt.

Eins og fram hefur komið hefur HER framkvæmt hávaða mælingar oft en einu sinni. Einnig hefur það komið fram margsinnis að leiðbeiningar laga og reglugerða, svo og leiðbeininga Umhverfisstofnunar er ábótavant þegar kemur að mælingum á hávaða frá skotvöllum. Íbúar og kvartendur hafa kallað eftir því að notuð sé ákveðin mæliaðferð við mælingar á hávaða frá skotvöllum. Ekki er vísað í þá aðferð í reglugerð um hávaða né í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits og hefur HER talið að ekki sé hægt að nýta niðurstöður mælinga samkvæmt þeirri aðferð til að móta kröfur í starfsleyfi af þeim sökum. HER hefur tekið undir að óheppilegt sé að ekki sé vísað í heppilega mæliaðferð og hefur bent á það í vinnu vegna endurskoðunar á reglugerð um hávaða. Engu að síður hefur HER framkvæmt mælingar samkvæmt þeirri aðferð sem bent hefur verið á en niðurstöður voru svipaðar niðurstöðum úr öðrum mælingum HER.

Þá skal geta þess að HER telur það ekki falla undir hlutverk sitt að framkvæma mælingar sem nýttar eru til að móta eða meta væntan árangur af aðgerðum til hávaðaminnkunar. Það samræmist ekki hlutverki HER sem eftirlitsaðila. SKOTREYN þarf að leita til ráðgjafa við nánari greiningu og mótun á sínum tillögum og mati á væntum árangri þeirra. HER mun framkvæmda eftirlitsmælingar þegar framkvæmdum er lokið og meta hvort þær hafi skilað þeim árangri sem vænst var.

. Hvað varða önnur ákvæði tillögu starfsleyfis erum við að gera eftirfarandi ábendingar:

1. Gildissvið



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Í starfsleyfi þarf að koma fram að leyfið eigi að vera afturkallanlegt vegna mögulegra framkvæmdar vegna uppbyggingar Sundbrautar eða Hringrásagarðs sem áætluð eru á Álfsnesi (má lesa athugasemdir frá t.d. Vegagerðin vegna aðalskipulagsbreytingar).

4. Opnunartími athafnasvæðis

4.1.1 Það er óásættanlegt að hafa svæðin opin lengur en til kl. 19 á virkum dögum.

4.1.2. Þegar mót eru haldin á að vera lokað næsta mánadag eftir hvert mót. En þar sem svæðin eru 2 getur hitt svæði verið opið þessa mánadaga og ónáðað okkur. Eins er það þegar SR heldur sín mót þá getur Skotreyn haft opið mánudaga og trufla okkur þegar við ættum að fá fríð eftir sunnudagsmót. Þetta eru í raun 8 helgar sem trufla okkur en ekki bara 4 helgar á ári og því viljum við að þessi liði verður breytt þannig að mót eru á sömu helgum hjá báðum félögum.

Einnig er opnunartíma á laugadögum og sunnudögum í mótum/keppnishelga allt of langur tíma til klukkan 19. Almennt er tíminn á laugadögum til kl. 16 og það ætti að duga.

Að okkar mati væri miklu skynsamlegri lausn að semja við önnur félög um að þessi félög samnýti aðra skotvelli í nágrenni Reykjavíkur (sem þau hljóta að hafa gert undanfarin ár á meðan þessi velli hafa verið lokaðir) heldur en að leggja í mikinn kostnað til skamms tíma á Álfsnesi þar sem að vitað er að t.d. Sundarbraut er á áætlun árið 2026 og uppbygging hringrásagarðs er í startholum.

Með bestu kveðju,

Kristbjörn Haraldsson

Anja Þórdís Karlsdóttir

Svar HER.

Starfsemi skotvalla í samræmi við skilgreinda landnotkun í aðalskipulagi Reykjavíkur AR2040. Skipulagsvinnu vegna Sundabrautar er ekki lokið en vænta má þess að skilgreind landnotkun vegna veglagningarinnar muni breytast frá núverandi skilgreindri landnotkun. Gangi það eftir verður breyting á forsendum fyrir starfseminni og hún ekki lengur í samræmi við skilgreinda landnotkun. Það gefur tilefni til endurskoðunar eða ógildingar starfsleyfis á þeim tímapunkti.

HER mun fylgja umsögn skipulagsfulltrúa hvað varðar gildistíma en mun setja fyrirvara í gr. 1.2 um möguleg áhrif af framkvæmdum við Sundabraut á gildistíma starfsleyfisins m.a. ef skipulagslegar forsendur breytast.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hvað varðar opnunartíma til kl. 19 annars vegar og kl. 21 hins vegar tvö kvöld í viku hvort um sig er verið að reyna að koma til móts við bæði íbúa og notendur skotsvæðanna. Það er vandrataður vegur en tillagan er málamiðlun m.a. í ljósi þess að erfitt hefur reynst að yfirfæra viðmið úr reglugerð um hávaða á niðurstöður mælinga frá starfsemi skotvallanna. .

Hér er til umfjöllunar tillaga að starfsleyfi fyrir starfsemi SKOTREYN. Tillaga að starfsleyfi fyrir SR hefur ekki verið auglýst. HER telur að það sé vandkvæðum bundið að setja takmarkanir á starfsemi eins rekstraraðila út frá umsókn um starfsleyfi fyrir annan rekstraraðila. Skilningur er á þeim áhyggjum sem settar eru fram og verður þeim tilmælum beint til skotfélaganna að þau samræmi tíma fyrir mótahald eins og hægt er en ekki er talið rétt að festa það í starfsleyfisaskilyrði.

Í tillögu að starfsleyfi er fjöldi móta takmarkaður. HER telur að með því sé dregið úr hávaðaálagi vegna mótahalds. Þó heimilað sé að opnunartími sé til klukkan 19 þegar mót eru haldin er ekki hægt að ganga út frá því sem vísa að heimildin verði fullnýtt fyrir hvert mót.

Það fellur ekki undir hlutverk HER að hlutast til að skotfélög samnýti aðstöðu sína. Rétt er að benda á að Reykjavíkurborg hefur haft starfshóp að vinnu við tillögur að framtíðarstaðsetningu skotvalla og mun sú vinna einnig fara fram á vettvangi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

4.3 Athugasemdir íbúaráðs Kjalarness

Umsögn íbúaráðs Kjalarness um tillögu að starfsleyfi fyrir SKOTREYN, skotvöllur í Álfsnesi

SKOTREYN, eins og áður hefur verið bent á, er ekki íþróttafélag innan ÍSÍ heldur áhugamannafélag um skotveiði. Það skýtur því skökku við, að með því neyðarúrræði sem breytingin á Aðalskipulagi er til þess að íþróttafélag gæti stundað sínar íþróttæfingar, að slík starfsleyfisumsókn væri yfir höfuð skoðuð og væri algjörlega óviðunandi að mati ráðsins að samþykka starfsleyfisumsókn þó tímabundin væri

Svar HER.

HER bendir á að umsóknir um starfsleyfi snúast um þá starfsemi sem sótt er um en ekki form rekstraraðila. Þá er breyting á Aðalskipulagi á forræði skipulagsfulltrúa Reykjavíkur og ekki HER að svara fyrir. Loks er bent á að samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998 skal veita starfsemi starfsleyfi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögunum og reglugerðum settum



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar. HER telur að forsendur séu fyrir því að rekstraraðili geti uppfyllt ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfissskilyrða og ekki forsendur fyrir því að hafna umsókn um starfsleyfi.

4.4 Athugasemdir Sigríðar Ingólfssdóttur

Athugasemdir um tillögur að starfsleyfi. Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, skotvöllur í Álfsnesi

1. Hvergi kemur fram í drögunum hvort um er að ræða nýtt starfsleyfi eða endurnýjun, en á því er verulegur stigsmunur.

Svar HER.

Um er að ræða nýtt starfsleyfi. Þar sem ekki er í gildi starfsleyfi fyrir starfsemina er ekki um endurnýjun að ræða.

2. 1.3. í drögunum vantar.. og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.

Svar HER.

Við skotvelli SKOTREYN eru nokkrir kastturnar sem hýsa kastvélar fyrir leirdúfur og tvö skýli fyrir notendur að skjóta úr. Ekki þótti ástæða til að tiltaka það sérstaklega þar sem skottturnar eru hluti af skotvelli og skýli rétt til að hlífa notendum fyrir ofankomu. Ekki hefur alla jafna tíðkast í öðrum starfsleyfum að tiltaka nákvæmlega öll mannvirkri sem tengjast viðkomandi starfsemi þó vissulega séu dæmi þess.

3. 1.6. hefur verið algjörlega bitlaust ákvæði fram til þessa. Ítrekað hefur HER sett fram sömu ábendingar í eftirlitsskýrslum sínum ár eftir ár, ekki hafa verið gerðar úrbætur og eftirlitsaðili -HER- ekki beitt ákvæðum laga til að knýja á um úrbætur. Þetta verður að komast í betra horf a.m.k. til að íbúar geti borið traust til eftirlitshlutverks HER.



Svar HER.

Ákvæðið mun standa óbreytt.

4. 1.10 Nauðsynlegt er fyrir íbúa að hafa greiðan aðgang að eftirlitsskýrslum HER opinberlega á heimasíðu HER, en ekki að kalla þurfi eftir þeim til embættisins. Eins er ákjósanlegt að tiltekið sé hvenær eftirlitið á að vera framkvæmt, nema ef um er að ræða óhefðbundið eftirlit.

Svar HER.

HER tekur undir að nauðsynlegt er að einfalt sé fyrir alla sem vilja að nálgast eftirlitsskýrslur HER. Gamalt tölvukerfi hefur hamlað störfum HER og komið í veg fyrir að hægt væri að gera skýrslur aðgengilegar á einfaldan hátt. Það stendur loks til bóta og standa vonir til að HER geti birt eftirlitsskýrslur með einföldum hætt á næstu mánuðum ef ekki vikum.

Tímasetning eftirlits er yfirleitt ákveðin með frekar skömmum fyrirvara. HER hefur ekki tök á að birta fyrirhugaðar tímasetningar eftirlits á einfaldan máta og er ekki fyrir séð að það breytist.

Kaflí 3. Hávaðavarnir

Úr skýrslu um landnotkunarákvæði til að heimila skotípróttir á Álfsnesi AR 2040

Vegna fjölmargra athugasemda umsagnar- og hagsmunaaðila, sem bárust á vinnslustigi tillögunnar, var bætt verulega í umfjöllun um umhverfisáhrif og settir fram bindandi skipulagsskilmálar um mögulegar mótvægisaðgerðir í endanlega tillögu. Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 25. janúar 2024, að auglýsa tillöguna, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Úr sömu skýrslu bls. 8 koma fram- Megin markmið tillögugerðar:

Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

Greinargerð AR2040:

Í kafla 10. Opin svæði til sérstakra nota, verður eftirfarandi bætt við lista yfir ípróttasvæði (ÍÞ), (bls. 105): „ÍÞ 9. Skotæfingasvæði Álfsnesi. Ípróttasvæði þar sem heimilt er að stunda



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu **allt að til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisáðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:**

1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku.

Svar HER.

Ákvæðið er uppfyllt í tillögu að starfsleyfiskilyrðum þar sem opnunartími er takmarkaður og er m.a. einungis heimilt að hafa starfsemina opna 5 daga í hverri viku.

2) **Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús.**

3) Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.

Svar HER.

Þar sem riffilskotfimi er ekki stunduð hjá SKOTREYN er riffilskothús ekki til staðar. SKOTREYN hefur sett hljóðísogsefni í skýli við haglabyssuvöll og þar með komið til móts við ákvæðið. Liður 3 á ekki við í tilviki HER.

4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. **Á velli Skotreytnar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.**

Svar HER.

Nauðsynlegt er að frekari greiningarvinna fari fram á því hvort aðgerðin er fýsileg, hvaða árangri hún gæti skilað og á því hvernig haga skuli framkvæmd áður en ráðist er í hana. Í gr. 3.3 í starfsleyfisskilyrðum er ákvæði um að greiningu og framkvæmd, sé hún fýsileg, sé lokið innan 6 mánaða frá samþykkt starfsleyfis. Sé ekki fýsilegt að ráðast í framkvæmdina þarf að skoða hvort aðrar aðgerðir í sama tilgangi komi til greina. Ella kemur til greina að HER meti hvort tilefni sé til að endurskoða starleyfið í því markmiði að draga úr hávaðaálagi með öðrum hætti.



5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.

Svar HER.

Í greinargerð SKOTREYN með umsókn um starfsleyfi kemur fram að félagið gerir eftirfarandi tillögur til að koma til móts við lið 5.

- Takmörkun opnunartíma sbr. umsókn félagsins
- Einangra skotskýli á svæðinu með hljóðísogsefni
- Snúa skotstefnu á völlum í samvinnu við HER á fyrsta gildisári starfsleyfi að teknu tilliti til hljóðmælinga og annarra þátta m.a. öryggisþátta..

Þar með voru settar fram þær aðgerðir sem félagið telur raunhæfar og tímasett áætlun um að færa skotstefnu innan eins árs frá gildistöku nýs starfsleyfi. HER felst á að þær aðgerðir sem SKOTREYN tiltekur séu þær sem líklegar eru til að skila árangri, m.a. í ljósi óhagsæðra landfræðilegra aðstæðna og takmarkaðs gildistíma starfsleyfis en telur jafnframt að gera þurfi frekari greiningar á væntanlegum árangri þess að snúa skotstefnunni áður en ráðist verði í framkvæmdir. Einnig leggur HER áherslu á skemmri framkvæmdatíma en SKOTREYN leggur til, þ.e. innan 6 mánaða frá gildistöku starfsleyfi. Þetta er ávarpað í gr. 3.3. í tillögu að starfsleyfisaskilyrðum sbr. athugasemdina. HER leggur til 6 mánuði fyrir greiningu og framkvæmd með það í huga að framkvæmdum við breytingu á skotstefnu ljúki að sumri til þannig að HER geti framkvæmt vöktunarmælingar til að meta hvort aðgerðir hafi skilað væntum árangri. Hljóðmælingar á vetrartíma eru ill framkvæmanlegar vegna aukinna veðuráhrifa og þar sem hávaði frá nagladekkjum er þá ríkjandi umhverfishávaði og erfitt að greina hávaða frá skotsvæðunum við mælingar af þeim sökum stóran hluta ársins.

6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

mælinga tilefni til. **Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar**

vöktunarmælingar með sítandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári.

Notkun blýhagla verði óheimil.

Svar HER.

Í gr. 3.5 er kveðið á um að HER munu útbúa áætlun um vöktun hávaða frá starfseminni. Vöktunaráætlun er fylgiskjal með greinargerð þessari. Vöktunaráætlunin verður endurskoðuð reglulega.

HER hefur framkvæmt hávaðmælingar nokkrum sinnum vegna starfsemi skotvalla í Álfsnesi. Engar breytingar hafa orði á fyrirhugaðri starfsemi eða aðstæðum sem kalla á nýjar mælingar, engar forsendur eru fyrir því að nýjar mælingar muni skila öðrum niðurstöðum en fyrri mælinga og eru þær því lagðar til grundallvar í byrjun enda framkvæmdar í samræmi við gildandi löggjöf og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

Verði breytingar á löggjöf eða leiðbeiningum um hljóðmælingar mun HER endurtaka mælingar þegar aðstæður leyfa. Rétt er að benda á að mælingar að vetrarlagi eru ólíklega til að skila gagnlegum niðurstöðum vegna veðuráhrifa og hávaða frá nagladekkjum á ökutækjum sem aka um vesturlandsveg.

Áætlun um vöktun hávaða frá starfseminni mun útfæra nánar hvernig staðið verði að vöktun. Tekið verður tillit til ákvæðis AR2040 um að tímabundnar vöktunarmælingar fari fram a.m.k. tvisvar á ári.

Starfsleyfi heimilar ekki notkun á blýhögglum

7) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu

blýlaus skot ekki valkostur.

Svar HER.

Ákvæðið er í starfsleyfissskilyrðum.

8) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að

nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic



hydrocarbons).

Svar HER.

Ákvæðið er í starfsleyfis skilyrðum.

9) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu

að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraradilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin.

10) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samáðði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.

11) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Svar HER.

Liði 9, 10 og 11 er eðli þeirra vegna ekki hægt að uppfylla eða hafa eftirlit með áður en starfsemin hefst. Að auki virðist er lið 11 beint meira að Reykjavíkurborg en SKOTREYN.

Í greinum 2,4,5 og 6 eru skýr skilyrði fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. Í umsókninni um starfsleyfið eru hvergi raunhæfar tillögur rekstraraðila um aðgerðir til að lágmarka ónæði vegna hávaða né skýrar kröfur um vöktun hávaða þessar kröfur á að uppfylla áður en starfsleyfið verður gefið út.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Það hefur verið nægur undirbúningstími frá samþykkt AR2040 til að uppfylla þessi skilyrði og því er algjörlega hafnað að biðtími verði 6 mánuðir frá útgáfu starfsleyfisins sbr. greinar 3.3 og 3.4 í starfsleyfis drögunum enda í mikilli mótsögn við skilyrði sem sett eru fram í AR 2040

Fyrir íbúa og útivistarfolk svæðisins eru þetta lykilatriði sem komu fram við breytingu á AR 2040 sem Skotreyrn og HER ber að uppfylla.

við undirbúning útgáfu starfsleyfisins.

Svar HER.

Að mati HER eru tillögur SKOTREYN að finna í greinargerð með umsókn um starfsleyfi. HER hefur farið fram á nánari greiningu og útfærslu á tillögum er snúa að því að breyta skotstefnu á völlum félagsins og sett því tímaramma, 6 mánuði frá samþykkt starfsleyfis sem er töluvert þrengri tímarammi en tillögur félagsins gerði ráð fyrir. Benda má á að kröfur í greinargerð AR2040 kveða á um að umsækjandi um starfsleyfi skili inn tímasettri áætlun um aðgerðir til að draga úr hávaða en setur engan tímarammi um það hvenær framkvæmdum skuli lokið né að þeim sé lokið fyrir útgáfu starfsleyfis. Má því horfa til þess að kröfur HER gangi lengra en kröfur í AR2040 með stuttumtímaramma fyrir greiningu og framkvæmdir.

5. Grein 4.1.2. Skotsvæðin eru tvö, því gætu mótin orðið samtals um 8 helgar. Þetta er tillitslaust gagnvart íbúum og annarra sem vilja líka njóta útiveru um helgar. Því er nauðsynlegt að skotfélögin komi sér saman um sameiginlegar mótahelgar með lágmarks tillitssemi og auglýsi með 14 daga fyrirvara á facebook síðu Kjalarnes.is Auglýsingar hjá HER eða heimasíðum skotfélaga er mjög langsótt fyrir fjölda þeirra sem vilja vita hverju er von á.

Í tillögu að starfsleyfi er fjöldi móta takmarkaður. HER telur að með því sé dregið úr hávaðaálagi vegna mótahalds. Þó heimilað sé að opnunartími sé til klukkan 19 þegar mót eru haldin er ekki hægt að ganga út frá því að heimildin verði fullnýtt fyrir hvert mót.

Það fellur ekki undir hlutverk HER að hlutast til að skotfélög samnýti aðstöðu sína. Rétt er að benda á að Reykjavíkurborg hefur haft starfshóp að vinnu við tillögur að framtíðarstaðsetningu skotvalla og mun sú vinna einnig fara fram á vettvangi svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Þeirri tillögu verður komið á framfæri við Skotreyrn að félagið auglýsi mótahald á facebook síðu Kjalarnes en það verður ekki áskilið í starfsleyfi.



6. Ekkert er fjallað um yfirborðsefni og mælingar í drögum sambærilegt við greinar 6.4. og

6.5 í starfsleyfinu frá 26.júlí 2022 það ætti að vera skýrt í drögum að starfsleyfinu.

Enn og aftur er farið fram á að viðurkennd verkfræðistofa sem sérhæfir sig í hljóðmælingum framkvæmi hljóðmælingarnar, enda eru þær hljóðmælingar sem hafa verið gerðar fram til þessa allt frá 2006 mjög mismunandi og sýna verulega misvísandi niðurstöður.

Ég óska þess að íbúar fari loks að hafa friðhelgi á heimilum sínum og fjöldi annars útivistarfólks geti notið útiveru í friðsælu umhverfi

Virðingarfyllst, með ósk um skýr svör við athugasemdum mínum.

Sigríður Ingólfssdóttir, Kollafirði

Svar HER.

Grein 6.4 í fyrra starfsleyfi var felld út í tillögu að nýju starfsleyfi þar sem slíkt yfirboðsefni er ekki og hefur aldrei verið til staðar. Þá þarf að horfa til þess að engin gögn eru til um mengunarástand svæðisins fyrir starfsemi SKOTREYN og því vissir erfiðleikar að túlka niðurstöður mælinga með tillitti til áhrifa af starfsemi SKOTREYNAR. Þrátt fyrir að rekstraraðili sé ekki lengur skyldaður til mælinga í jarðvegi er í skilyrðunum heimild HER til að láta rekstraraðila framkvæma mælingar.

HER bendir á að við hönnun og útfærslu á aðgerðum til hávaðminnkunar er því beint til skotfélaganna að leita til ráðgjafa s.s. verkfræðistofa, í þeirri vinnu. HER sinnir eftirlitsmælingum og það samræmist ekki því hlutverki að koma að greiningu og hönnun aðgerða til hávaðminnkunar.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Ein breyting var gerð á auglýstri tillög að starfsleyfisskilyrðum við afgreiðslu umsóknar og varðar breytingin gr. 1.2. Við greinina var bætt eftirfarandi texta. „Fyrirvari er settur varðandi breytingu á gildistíma vegna framkvæmda við Sundabraut sem hefðu áhrif á athafnasvæði félagsins og breytinga á skipulagslegum forsendum vegna framkvæmdarinnar s.s. ef skilgreindri landnotkun væri breytt í skipulagsvinnu vegna framkvæmdarinnar.“



6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágreinnis tekin fyrir á 1817 afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 13. febrúar 2025 og samþykkt að gefa út tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemina til 31. desember 2028.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sjá nánar hér <https://uua.is/hvernig-a-ad-kaera/>. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 13. febrúar 2025.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur,



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN), kt. 440687-1809 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir til 31. desember 2028. Fyrirvari er settur varðandi breytingu á gildistíma vegna framkvæmda við Sundabraut sem hefðu áhrif á athafnasvæði félagsins og breytinga á skipulagslegum forsendum vegna framkvæmdarinnar s.s. ef skilgreindri landnotkun væri breytt í skipulagsvinnu vegna framkvæmdarinnar.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra á athafnasvæði félagsins á Álfsnesi.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma breytingar á viðkomandi reglugerðum, auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er skylt að láta eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 1.10 Almennitur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil. Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að notendur virði ákvæðið.
- 2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons). Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að notendur virði ákvæðið.

3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.3 Innan 6 mánaða frá útgáfu starfsleyfis skal rekstraraðili ljúka greiningu á kostum þess til hávaðaminnkunar að snúa skotstefnu á völlum félagsins sem og framkvæmdum við það, sé niðurstaða greiningar að slíkt sé líklegt til að skila árangri. Senda skal niðurstöður greiningar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til rýni strax og hún liggur fyrir og hafa samráð við Heilbrigðiseftirlitið um framkvæmdir.
- 3.4 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun framkvæma hljóðmælingar þegar framkvæmdum samkvæmt gr. 3.3. er lokið. Gefi niðurstöður hljóðmælinga tilefni til getur Heilbrigðiseftirlitið endurskoðað starfsleyfi rekstraraðila m.a. með tilliti til ákvæða um opnunartíma.
- 3.5 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun útbúa áætlun um vöktun hávaða frá starfseminni í samræmi við leiðbeiningar Umhverfistofnunar. Vöktunaráætlun verður endurskoðuð reglulega.

4. Opnunartími athafnasvæðis

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
- 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og laugardaga frá kl. 10-16.



- 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfelld. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.
- 4.1.3 Starfsemi skal vera lokuð næsta mánudag eftir hvert mót.
- 4.1.4 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
- 4.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu

5. Umhverfi og umgengni

- 5.1 Rekstraraðili skal stuðla að því og beina til notenda að umgengni sé snyrtileg, notendur hirði úrgang eftir sig og flokki í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1316/2024.
- 5.2 Rekstraraðili skal standa fyrir almennri hreinsun á athafnasvæðinu og fjöru undan svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári, að vori (apríl-mái) og að hausti (sept.-okt.) þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Skila skal skýrslu til Heilbrigðiseftirlitsins um hreinsun að loknum hreinsunum að vori og hausti.
- 5.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
- 5.4 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli þungmálamengun í jarðvegi frá haglaskotum innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal rekstraraðili láta vinna tillögu að sýnatökuáætlun og senda Heilbrigðiseftirlitinu til samþykktar. Við val á mælipáttum skal tekið mið af viðauka í rg. nr. 1400/2020. Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá ákvæðum rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

6. Skráningar

- 6.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 6.1.1 Hvenær æfingar og skotmót fara fram á vellinum.
 - 6.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
 - 6.1.3 Skýrslu um hreinsun svæðis sbr. gr. 5.2
- 6.2 Rekstraraðila ber að skila skráningum til Heilbrigðiseftirlitsins tvisvar á ári, fyrir 15. júní fyrir tímabilið nóvember til júní og fyrir 15. nóvember fyrir tímabilið júní til október.



7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar sem miða skal út dreifingu hagla . Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.
- 7.3 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun vinna frummat á mengun í jarðvegi í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi. Gefi niðurstöður frummats tilefni til ber rekstraraðila, viðlok starfsemi, láta vinna áhættugreiningu sbr. 10. gr. rg. nr. 1400/2020 fyrir áhrifasvæði starfseminnar ásamt tillögum að aðgerðum til hreinsunar í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar.



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hætta af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sörpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum.
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífoldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- a) Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



Vöktunaráætlun hljóðmælinga vegna starfsemi skotvalla á Álfsnesi

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun hljóðmæla við skotvöllina á Álfsnesi þrisvar sinnum á ári með síritandi mæli til að meta umhverfisáhrif starfseminnar. Mælt verður á tveimur stöðum, annars vegar Móavík og hins vegar Naustanes, að lágmarki í tvo sólarhringa (Mynd 1). Tekið verður mið af af opnunartíma vallarins og mögulegum viðburðum við val á vöktunartímabilum. Ekki er hægt að fastsetja hvenær hljóðmælingar fara fram þar sem taka þarf mið af veðurfarsaðstæðum í samræmi við staðla.



Mynd 1 sýnir mælistaði síritandi hljóðmælinga. Staðarheiti eru Móavík og Naustanes

Hljóðmælir sem notaður verður í vöktun er síritandi Class 1 hljóðmælir frá Munisense sem einnig er búinn upptökubúnaði. Upptökur og mælingar eru í gagnagátt Munisense og bæði birtast þar í rauntíma og eru geymd í sex mánuði.

Við mælingar verður stuðst við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar frá 2011: „Leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits“ og einnig hljóðvistarstaðalinn ÍST 45:2016.

Í kjölfar mælinga verður metið hvort þörf sé á aðgerðum og frekari mælingum.

Efni: Skotæfingasvæði Álfnesi. Umsókn um endurnýjun starfsleyfis Skotreynar

Vísað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 12. ágúst 2024, sbr. umsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (Skotreynar) dags. 30. júlí 2024 um endurnýjun á starfsleyfi.

Skotreyn er með starfsemi innan skilgreinds íþróttasvæðis Íþ9 á Álfnesi, sbr. nýlega staðfest breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur. Þar segir eftirfarandi um um skilgreinda landnotkun og skilyrði og kröfur sem þarf að horfa til við við útgáfu starfsleyfis:

„Íþ9. Skotæfingasvæði Álfnesi. Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu allt að til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisaðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku.
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur ríffilskothús.
- 3) Nota skal hljóðdeyfa í ríffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreynar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.
- 5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.
- 6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með siritandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.
- 7) Nota skal blýlaus ríffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
- 8) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 9) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin
- 10) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður

áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.

- 11) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknnum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma litið.”

Á grundvelli þessa er lagt til að heimilað verði að gefa út starfsleyfi fyrir Skotreyrn til loka árs 2028, enda í öllu tekið mið af þeim kröfum og ákvæðum sem sett eru fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 m.s. br., sbr. hér að ofan. Helgunarsvæði Sundabrautar liggur um hluta svæðis Skotreyrnar og ljóst að horfa þarf til þess við útgáfu starfsleyfis og setja viðeigandi fyrirvara í ljósi þess að áformað er að hefja undirbúning framkvæmdar eftir 2026.

Haraldur Sigurðsson,
deildarstjóri aðalskipulags.